

## 23. Fundur Umhverfis- og Náttúruverndarnefndar Skaftárhrepps haldinn á Kirkjubæjarstofu 12.6.2017 kl 15:30

Mætt eru: Jóna Björk Jónsdóttir formaður, Jóhannes Gissurarson og Sveinn Hreiðar Jensson.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi.

1. Merkingar til ferðamanna
2. Salerni á Þjóðvegum í sveitarfélaginu
3. Staðsetning gáma í gömlu hreppunum í sumar
4. Sorphirða í sveitarfélaginu

Jóna Björk formaður setur fundinn.

### 1. Merkingar til ferðamanna

Umhverfis- og Náttúruverndarnefnd kallar eftir því að sveitarstjórn beiti sér fyrir því að Umhverfisstofnun, Katla jarðvangur og Vatnajökulsþjóðgarður samræmi merkingar og staðsetningar á áningarstöðum innan sveitarfélagsins. Einkum vegna banns á gistingu utan merktra tjaldstæða. Jafnframt lýsir Umhverfis- og Náttúruverndarnefnd áhyggjum sínum yfir því að ferðamenn gisti á veghelgunarsvæðum og áningarstöðum í sveitarfélaginu. Sér í lagi, hefur nefndin áhyggjur af öryggi ferðamanna á Mýrdalssandi sem er rýmingarsvæði vegna hugsanlegs Kötlugoss. Þá vekur nefndin athygli á því að rýmingaráætlun vegna Kötlugoss hefur ekki verið uppfærð með tilliti til stóraukins ferðamannafjölda.

### 2. Salerni á Þjóðvegum í sveitarfélaginu

Umhverfis- og Náttúruverndarnefnd fagnar því að Vegagerð Ríkisins hafi komið upp þurrsalernum á áningarstöðum Vegagerðarinnar. Þó vill nefndin benda að ekkert samráð var haft við sveitarfélagið né landeigendur við uppsetningu þessara salerna. Eðlilegt er að staðsetning salerna og viðeigandi merkingar séu í samræmi við stefnu sveitarfélgsins um áningarstaði og gistingu utan þéttbýlis. Nefndin hvetur sveitarstjórn um að finna leiðir til úrbóta á þessu máli.

### 3. Staðsetning gáma í gömlu hreppunum í sumar

Umhverfis- og Náttúruverndarnefnd leggur til að staðsetningar á gámum fyrir grófan úrgang verði með sama sniði og árið 2016. Nefndin felur sveitarstjóra að auglýsa þetta verkefni.

### 4. Sorphirða í sveitarfélaginu

Umhverfis- og Náttúruverndarnefnd vonast til að nýtt gámasvæði verði tekið í notkun með haustinu en því miður hafa framkvæmdir við svæðið dregist alltof lengi.

Jafnframt skorar nefndin á Íslenska gámafélagið að standa við útgefnar dagsetningar sorphirðudagatala og flytja endurvinnanlegan úrgang af urðunarsvæði sveitarfélagsins sem fyrst. Formanni falið að senda ítrekunarbréf til Íslenska gámafélagsins

Fundi slitið kl 18:00

Fundargerð upplesin og samþykkt.  
Fundargerð ritaði Sveinn Jensson.